

Nr. 21-009 S 002 Sóley Sigurjóns GK 200***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 2262
IMO 8616207
Smíðaður: Danmörku 1987, stál
Útgerð: Nesfiskur ehf
Stærð: 737 bt
Mesta lengd: 41,98 m *Skráð lengd:* 38,36 m
Breidd: 10,4 m *Dýpt:* 7,03 m
Vél: Wärtsilä 632 kW, 1987
Fjöldi skipverja: 9



Sóley Sigurjóns © Hilmar Snorrson

Gögn:

Gögn RNSA.

Málið afgreitt á fundi 17. maí 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 1. nóvember 2020 var Sóley Sigurjóns GK 200 á siglingu norður af landinu. Veður: N 20-25 m/s og vaxandi.

Skipverjar voru að festa niður lifrarkör sem færst höfðu úr stað á vinnsluþilfari þegar mikil velta kom á skipið og einn þeirra lenti út í síðu. Á eftir honum fylgdu svo tólm fiskikör, sem geymd voru á vinnsluþilfarinu, og höfðu einnig losnað upp á veltunni. Skipverjinn fékk högg á hægri hné og snéri upp á það. Átti hann erfitt með að stíga í fótinn á eftir og varð óvinnufær það sem eftir var veiðiferðar.

Við rannsókn kom fram:

- að tómu fiskikörunum, sem fóru úr stað, var raðað upp í þrjá hæðir á vinnsluþilfarinu og bundið utan um þau en ekki yfir;
- að eftir slysið var smíðað rekkverk fyrir framan fiskikörin til að koma í veg fyrir að þau færu úr stað;
- að liðþófinn í hné skipverjans skaddaðist.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.